

Rýnisferð 2022 - 19. til 27. febrúar 2022

EXPO 2020 - Dubai - Abu Dhabi

Breytingar geta orðið á dagskrá og verði ferðarinnar vegna hugsanlegra Covid-takmarkana

RÝNISFERÐ VFÍ fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga verður að þessu sinni farin til Dubai og er megin tilgangur ferðarinnar að heimsækja EXPO 2020 heimsýninguna. Sýningin verður opin frá 1. október 2021 - til 31. mars 2022 og er búist við um 20 milljónum gesta á sýninguna. Opnun sýningarinnar var frestað um eitt ár s.l. haust vegna Covid takmarkana. Einnig verða skoðuð nokkur af áhugaverðustu mannvirkjum heims sem hafa verið reist í Dubai og Abu Dhabi á síðustu árum. Ferðin er opin öllum félagsmönnum VFÍ ásamt mökum. Gert er ráð fyrir allt að 150 manns í þessa ferð.

Gera má ráð fyrir notalegu hitastigi, 25-28°C yfir daginn meðan á dvölinni stendur.

Ferðatilhögun Rýnisferðar: Kef-Köb-Dubai-Köb-Kef

- Laugardaginn 19. febrúar, kl 15:35 flogið frá Kaupmannahöfn með Fly Emirates til Dubai (Airbus 380). Beint flug 6 klst, lent 23:30
- Sunnudaginn 27. febrúar, kl. 8:20 flogið frá Dubai með Fly Emirates (Airbus 380) til Kaupmannahafnar, lent kl.13:15

Ferðatilhögun: KEF-Köb-Köb-KEF – er á ábyrgð hvers og eins:

- Búið er að taka frá 40 flugsæti fyrir hópinn, með Icelandair, frá Keflavík til Kaupmannahafnar föstudaginn 18. febrúar og 60 sæti frá Keflavík til Kaupmannahafnar, laugardaginn 19. febrúar Einnig geta þátttakendur farið á eigin vegum til Kaupmannahafnar, þegar þeim hentar.
- Búið er að taka frá 60 sæti með Icelandair frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur, sunnudaginn 27. febrúar. Einnig geta þátttakendur farið á eigin vegum frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur, þegar þeim hentar.
- Innifalið í flugunum eru flugvallaskattar, ein innrituð taska allt að 23 kg, ein taska í handfarangri allt að 10 kg og þjónustugjald. Verð ca. 36 þúsund.
- **Athugið að ferðin til Kaupmannahafnar er á eigin ábyrgð þátttakenda og ekki hluti af skipulagðri Rýnisferð.**

Framlengja ferð

- Boðið verður upp á þann möguleika á að framlengja dvölinn í Dubai til laugardagsins 5. mars. Þá verður flogið kl. 8:20 frá Dubai með Fly Emirates til Kaupmannahafnar, lent kl.13:15
- Búið er að taka frá 40 flugsæti laugardaginn 5. mars með Icelandair frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur. Einnig geta þátttakendur farið á eigin vegum frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur, þegar þeim hentar.

Gisting

Hópurinn mun gista á tveimur hótélum þ.e. **Hilton Jumeirah Dubai 5*** hótél og **Hilton Dubai The Walk 4*** íbúðahóteli. Hótelin eru samtengd og eru afar vel staðsett. Umhverfið býður upp á góðar gönguleiðir, útimarkaði og fjölda veitingastaða. Hótelunum fylgir einkaströnd með góðum sundlaugagarði, veitingastöðum og margs konar annarri afþreyingu. Hótelin eru staðsett við Dubai the Walk sem er ein vinsælasta göngugatan í Dubai. Tíu veitingastaðir og barir, nudd, SPA o.fl. eru á hótélunum. Golfvöllur er innan við 3 km frá hótelinu. Hótelin eru staðsett 30 km frá flugvellinum og 20 km frá EXPO sýningasvæðinu.

Gert er ráð fyrir að þátttakendur í rýnisferðinni gisti á **Hilton Jumeirah Dubai** í De Luxe 38 m² herbergjum sem eru útbúin öllum helstu nútímapægindum. Þátttakendur sem ætla að framlengja ferðina munu gista á **Hilton Dubai The Walk** alla ferðina í 50 m² stúdíóíbúðum, sem eru útbúnar öllum helstu nútímapægindum.



Heimasíða hótels: [Jumeirah Beach Hotels](#)

Heimasíða hótels: [Hilton Dubai The Walk](#)



Drög að dagskrá - allur hópurinn

Laugardagur 19. febrúar

Ferðadagur kl 15:35 flogið frá Kaupmannahöfn til Dubai. Beint flug 6 klst.,
lent í Dubai kl. 23:30



Sunnudagur 20. febrúar

Skoðunarferð - Hinn nýi miðbær Dubai kl 10:00-14:00

Ekið verður um nýja miðbæ Dubai, þar sem verða skoðaðar helstu byggingar borgarinnar svo sem:

7* hótelið Burj Al-Arab, sem er í lögun eins og seglskip.

Hæstu byggingu í heimi Burj Khalifa og umhverfið í kring.

Manngerða eyju sem er í laginu eins og pálmatré, The Palm Jumeirah.

Hótel Atlantis sem staðsett er yst á pálmaeyjunni.

Dubai Marina, sem er manngerður 3 km langur kanall.



Mánudagur 21. febrúar

Skoðunarferð – Gamli bærinn kl 10:00-14:00

Farið verður í elsta borgahluta Dubai þar sem við munum skoða m.a.

Fort Al Fahidi (Dubai museum) sem er elsta bygging í Dubai, reist 1787

Hindu musterið og Dubai Greek hafnarsvæðið,

Vefnaðarvörumarkað, gull- og kryddmarkað.



Sameiginlegur kvöldverður kl.19:30 – 23:30

Sameiginlegur kvöldverður á hótelinu **Hilton Jumeirah Dubai**. Boðið verður upp á margrétta hlaðborð ásamt óáfengum drykkjum. Hver og einn getur auk þess keypt áfenga drykki að vild.



Þriðjudagur 22. febrúar kl. 10-18 og miðvikudagur 23. febrúar kl 14-22

EXPO 2020

Expo 2020 er stærsta heimssýning sem haldin hefur verið, með þátttöku rúmlega 180 þjóða.

Sýningarsvæðið, sem sérstaklega var byggt fyrir sýninguna, nær yfir 4.4 km² svæði sem, er álíka stórt að flatarmáli og Reykjavík vestan Snorrabrautar. Sýningarsvæðið er opið alla daga frá kl 8-24.

Heimasíða sýningar www.expo2020.com ;

Sýningin er haldin undir kjörorðunum „Tenging hugar, sköpun framtíðar, endurnýjanleg orka og umhverfismál“.

Þema sýningarinnar þá viku sem við verðum á staðnum er fæða, landbúnaður og lífsviðurværi.

Hvernig ræktum við matvæli með sjálfbærum hætti til að mæta eftirspurn í framtíðinni? Auk þess sem miðvikudagurinn er sérstaklega tileinkaður Noregi á heimsýningunni sem er með 1000 m² skála sem tileinkaður er hafinu.

Ekki liggur fyrir endanleg dagskrá þessa daga.

Svæðinu er skipt upp í þrjú svæði:

Sustainability District – Hér er hægt að sjá í verki einhverja fullkomnustu tækni heims hvernig mannkynið getur lifað í sátt við náttúruna í hátæknivæddri framtíð. Dæmi: sólarorku og vatnþéttni „tré“, lóðréttir garðar, notkun sólarorku til að nýta vatnsgufu til að vökva jarðveg o.fl.



Mobility District – Hér er hægt að sjá hvernig nýjasta tækni tengir heiminn og knýr hann áfram á stafrænan hátt, þar sem heimurinn skiptist á upplýsingum, hugmyndum og vörum á met hraða. Dæmi: sjálfkeyrandi ökutæki, nýjasta þróunin í geimvísindum, nýstárlegur hreyfanlegur búnaður á 300 metra braut sem bæði liggur ofanjarðar og neðanjarðar.



Opportunity District – Ein manneskja getur verið lykillinn að því að opna átta milljarða tækifæri sem getur hjálpað einstaklingum og samfélögum til að skapa betri morgundag, í dag. Það er kominn tími til að leysa möguleikana úr læðingi og framkvæma breytingar.





Expo 2020 -heimur nýsköpunar



Einn EXPO sýningaskálanna - vistvæn bygging



Fimmtudagur 24. febrúar

Frjáls dagur

Kvöldsigling 19:30-21:30

Sigling og matur á lúxus snekkju. Einkasigling fyrir hópinn þar sem við munum njóta fallegs útsýnis yfir hina frægu smábátahöfn Dubai, ásamt víðáttumiklu útsýni yfir ólýsanlegu byggingar Dubai. Siglt verður framhjá Atlantis Hótelinu ásamt Palm Jumeirha eyjunni. Boðið er upp á 5* kvöldverðarhlaðborð með endalausum kræsingum og óáfengum drykkjum auk lifandi danstónlistar. Þessi sigling er innifalin í verði ferðarinnar.



Föstudagur 25. febrúar

Ferð til Abu Dhabi kl 9.00-19.00 (120 km frá Dubai) – með fyrirvara um covid takmarkanir

Abu Dhabi þar sem ýmsir markverðir staðir verða skoðaðir. Það tekur um 90 mínútur að aka frá Dubai til Abu Dhabi. Farið verður í The Sheikh Zayed Grand Mosque, sem er fjórða stærsta moska í heimi sem er mjög áhugaverð frá tæknilegu sjónarhorni þar sem hitaflæðið er nýtt á sérstakan hátt. Ethan Towers and Royal Palace
Hádegisverður innifalinn á góðum veitingastað.



Laugardagur 26. febrúar

Frjáls dagur

Sunnudagur 27. febrúar

Ferðadagur kl. 8.20 verður flogið frá Dubai til Kaupmannahafnar, lent kl. 13.15.

Rýnisferð lokið

Áhugaverðir staðir í Dubai



Palm Jumeirha eyjan



Atlantis Hóтелиð



Burj Al-Arab



Little Venice in Dubai



Stærsta Mall í heimi, Dubai Mall



Ferð í eyðimörkina



Skíðaferð í Desert Mall



Burji Khalifa turninn



Dansandi gosbrunnar

Áætlaður kostnaður Rýnisferðar (miðað við gengi 19,7 DKR) -Verðið gæti breyst vegna Covid takmarkana:

Kostnaður við ferðina, fyrir utan flug til Kaupmannahafnar, er áætlaður um 330 þús. kr. á mann í tveggja manna herbergi og um 483 þús. kr. á mann í eins manns herbergi. Innifalið er flug frá Kaupmannahöfn, hótलगisting með morgunmat, akstur til og frá flugvelli, aðgangsmiði á Expó 2020, einn sameiginlegur kvöldverður, ein kvöldsigling með mat, skoðunarferðir o.fl. Ef ferð er framlengd um sex daga er viðbótarkostnaður um 108 þús. kr. á mann í tveggja manna herbergi með morgunmat og um 212 þús. kr. á mann í eins manns herbergi.

Skráningar

Tekið verður við skráningum **með tölvupósti til skrifstofu VFÍ** frá og með þriðjudeginum 24. ágúst kl. 9:00 á netfangið: skrifstofa@verktaekni.is

Skráningar sem berast fyrir þann tíma eru ekki teknar gildar.

Við röðun skráningar gildir fyrstur skráir, fyrstur fær.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram við skráningu:

Nafn – Kennitala – Netfang-Símanúmer-lengd ferðar (8 nætur eða 14 nætur) – flug á milli Keflavíkur og Köben.

Staðfestingargjald, kr. 65 þúsund, þarf að greiða fyrir 10. september 2021 inn á reikning VFÍ. Reikningsupplýsingar munu koma síðar.

Lokagreiðslu vegna ferðarinnar skal greiða fyrir 2. desember 2021.

Ef hætt verður við ferðina fyrir 2. desember fæst staðfestingargjald endurgreitt.

Fararstjórn áskilur sér rétt til að aflýsa ferðinni vegna Covid takmarkana eða annarra þátta.

Gert er ráð fyrir að kynningarfundur fyrir þátttakendur verði í september/október.

Með kveðju frá fararstjórn

Jóhannes Benediktsson 665 6130

Eva Yngvadóttir, 665 6078

Hreinn Ólafsson 693 7401

